

## Rannsóknarboranir að Reykjum í Fnjóskadal

Ólafur G. Flóvenz, Kristján Sæmundsson

Greinargerð ÓGF-KS-80/07

RANNSÓKNARBORANIR AÐ REYKJUM Í FNJÓSKADAL

Í skýrslu Jarðhitadeildar Orkustofnunar, Reykir í Fnjóskadal, Jarð-eðlisfræðileg forathugun jarðhitasvæðisins, OS 80009/JHD05 frá maí 1980 var lagt til að boraðar yrðu margar grunnar rannsóknarholur við Reyki til undirbúnings á staðsetningu djúpri hola. Var talað um 5-10 holur í því sambandi. Megin markmið þessara grunnu hola er að fá mælingu á hitastigi í berggrunninum og rennsli í lausu jarðlögunum við Reyki en þau eru tugir metra að þykkt. Gert er ráð fyrir að þær upplýsingar gefi áreiðanlegar upplýsingar um hvar uppstreymið úr berggrunninum eigi sér stað, (t.d. hvort vatnið sem kemur upp í laugunum sé aðrunnið undan framhlaupinu úr fjallinu). Að þeim upplýsingum fengnum þarf að bora a.m.k. tvær holur 100-200 m djúpri en hinar (eða hugsanlega dýpka einhverjar tvær hinna) og skera vatnsæðarnar í þeim báðum til að fá mat á halla misgengisins sem vatnið er talið tengt. Að því loknu ætti ekkert að vera staðarvali djúprar (1000 m) holu til fyrirstöðu.

Lokið er nú borun þriggja grunnra hola (hola 1 82 m, hola 2 107 m, hola 3 88 m). Hitamælingar benda til þess að uppstreymi heita vatnsins sé ekki undir framhlaupshólunum vestan lauganna, heldur einhvers staðar austan holu 1 og þá líklegast milli holu 1 og lauganna. Til að fá sem nákvæmastar upplýsingar um legu uppstreymisrásarinnar þarf 2-3 grunnar holur (c.a. 100 m) í viðbót.

Næsti áfangi í verkinu er að dýpka a.m.k. 2 af grunnu holunum um 100-200 m (eða hugsanlega bora nýjar) og freista þess að skera misgengið sem uppstreymið er talið tengt. Það verk yrði unnið með Ými og er sem fyrr segir nauðsynleg forsenda staðsetningar djúpra hola. Því er nauðsynlegt að Hitaveita Akureyrar taki strax afstöðu til þess hvort hún vill ráðast í dýpkunina strax að aflokinni borun þessara 5-6 grunnu hola eða sleppa Ými að sinni og fresta þeim verkhluta eitthvað.

Stofnælingar í höllum 1, 2 og 3 að Reykjum  
í Frijökudal. Mælt c.a. 1/2 solarkring eflin borðe

